

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS

2008/EES/27/28

frá 30. mars 2004

um að veita Tékklandi, Eistlandi, Ungverjalandi, Lettlandi, Litháen, Slóvakíu og Slóveníu tiltekna, tímabundna undanþágur frá tilskipun 2002/96/EB um raf- og rafeindabúnaðarúrgang (*)

(2004/312/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

2006 verði hlutfall sérstakrar söfnunar á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi frá heimilum komið í a.m.k. fjögur kíló að meðaltali á hvern íbúa á ári.

með hliðsjón af aðildarsáttmála Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjaland, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu að Evrópusambandinu, einkum 3. mgr. 2. gr.,

með hliðsjón af lögum um aðildarskilmála Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjaland, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu og aðlögun að sáttmálunum sem Evrópusambandið er grundvallað á, hér á eftir kölluð „aðildarlögin frá 2003“, einkum 55. gr.,

- 2) Í 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 2002/96/EB er mælt fyrir um lágmarksmarkmið um endurnýtingu á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi og endurnýtingu og endurvinnslu íhluta, efniviðar og efna. Aðildarríkin skulu sjá til þess að framleiðendur nái þessum markmiðum eigi síðar en 31. desember 2006.

með hliðsjón af beiðnum Tékklands, Eistlands, Ungverjaland, Lettlands, Litháens, Slóvakíu og Slóveníu,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt fyrstu undirgrein 5. mgr. 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/96/EB frá 27. janúar 2003 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang⁽¹⁾ skulu aðildarríkin sjá til þess að eigi síðar en 31. desember

- 3) Í samræmi við 1. mgr. 17. gr. tilskipunar 2002/96/EB skulu aðildarríkin samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 13. ágúst 2004. Í a-lið 4. mgr. 17. gr. tilskipunar 2002/96/EB er þó kveðið á um að Grikkland og Írland, sem vegna skorts á grunnvirkjum til endurvinnslu, landfræðilegra aðstæðna, s.s. mikils fjölda lítilla eyja og dreifbýlis- og fjallasvæða, strjálbýlis og litillar notkunar raf- og rafeindabúnaðar, eru hvorki fær um að ná markmiðinu um söfnun sem um getur í fyrstu undirgrein 5. mgr. 5. gr. né markmiðunum um endurnýtingu sem um getur í 2. mgr. 7. gr. og sem geta, samkvæmt þriðju undirgrein 2. mgr. 5. gr. í tilskipun ráðsins 1999/31/EB frá 26. apríl 1999 um urðun úrgangs⁽²⁾, sótt um framlengingu frestsins sem um getur í þeirri grein, hafi heimild til að framlengja frestinn, sem um getur í 5. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 2002/96/EB um allt að 24 mánuði.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 100, 6.4.2004, bls. 33. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2005 frá 8. júlí 2005 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 60, 24.11.2005, bls. 28.

(1) Stjtið. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 24. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2003/108/EB (Stjtið. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 106).

(2) Stjtið. EB L 182, 16.7.1999, bls. 1. Tilskipunin eins og henni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

- 4) Á grundvelli 55. gr. aðildarlaganna frá 2003 hafa Tékkland, Eistland, Ungverjaland, Lettland, Litháen, Slóvakía og Slóvenía óskað eftir tímabundnum undanþágum frá þeim tímamörkum, sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein 5. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 2002/96/EB, og tilgreint skort á grunnvirkjum til endurvinnslu, strjálbýli og litla notkun raf- og rafeindabúnaðar og landfræðilegar aðstæður, s.s. dreifbýli, sem ástæður.
- 5) Þessar ástæður réttlæta framlengingu áður nefndra tíma-
marka um 24 mánuði fyrir Tékkland, Eistland, Ung-
verjaland, Lettland, Litháen og Slóvakíu og um
12 mánuði fyrir Slóveníu.

SAMBYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Tékkland, Eistland, Ungverjaland, Lettland, Litháen og Slóvakía hafa heimild til að framlengja tímamörkin, sem um getur í fyrstu undirgrein 5. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 2002/96/EB, um 24 mánuði.

Slóvenía hefur heimild til að framlengja tímamörkin, sem um getur í fyrstu undirgrein 5. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 2002/96/EB, um 12 mánuði.

2. gr.

Þessari ákvörðun er beint til aðildarríkjanna og Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu.

Gjört í Brussel 30. mars 2004.

Fyrir hönd ráðsins,

M. McDOWELL

forseti.